

Dagskrá friðarviku 1984

SUNNUDAGUR 15. APRÍL
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.

20.30 Svör úr austri og vestri:
 Fulltrúar Sovétríkjanna og Bandaríkjanna greina frá afstöðu ríkja sinna til kjarnorkuvígbúnaðar og friðarhreyfinga. Þeir sitja síðan fyrir svörum fundargesta um þau mál.
 Fundarstjóri: Högni Óskarsson.

MÁNUDAGUR 16. APRÍL
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.

15.00 Barnatími.
 Kórsöngur.
 Leikrit: Ertu skræfa, Einar Áskell? í flutningi barna af skólalagheimilum.
 Upplstur: Guðrún Helgadóttir.
 17.00—19.00 Fræðslufundur
 Erindi: Afvopnunarviðræður: Söguleg og efnisleg umfjöllun: Gunnar Gunnarsson.
 Erindi: Hugmyndir um afvopnun: Þórður Ægir Óskarsson.
 Pallborðsumræður: Eiður Guðnason, Vigfús Geirdal, Guðrún Agnarsdóttir og Ingi Björg G. Guðmundsdóttir.
 Fyrirspurnir og almennar umræður.
 Fundarstjóri: Helgi Pétursson.

20.30 Halldórs Laxness-kvöld.
 Úr söngbók Gardars Hólms: Hrönn Hafliadóttir og Halldór Vilhelmsson við undirleik Jónasar Ingimundarsonar.
 Tónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson. Úr Atómstöðinni: Guðbjörg Thoróddsen, Rúrik Haraldsson, Jón Sigurbjörnsson, Þorsteinn Gunnarsson flytja.
 Leikstjóri: Briet Héðinsdóttir.
 Lesið úr Heimsljósi: Helgi Skúlason.
 Lög úr Húsi skáldsins: Söngvararar úr Söngskólanum, stjórnandi Jón Kristinn Cortes.
 Ljóðalestur: Briet Héðinsdóttir.
 Úr Kristnihaldi undir Jökli: Gísli Halldórsson og Þorsteinn Gunnarsson flytja.
 Háskólakórinn syngur undir stjórn Árna Harðarsonar.
 Umsjón og kynni: Helga Bachmann.

ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.
 15.00—16.00 Barnatími.
 Leikbáttur í umsjá fóstora.
 Kór Mýrarhúsaskóla undir stjórn Hlinar Torfadóttur.
 Upplstur.
 17.00—19.00 Fræðslufundur.
 Utanríkisstefna Íslendinga: framlag til friðar- og afvopnarmála.
 Fulltrúar allra þingflokka flytja stutt erindi.
 Umræður og fyrirspurnir.
 Fundarstjóri: Sólveig Ólafsdóttir.

MIÐVIKUDAGUR 18. APRÍL
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.
 15.00—16.00 Barnatími.
 Kórsöngur.
 Söngur og hreyfileikur.
 17.00—19.00 Umræðufundur.
 Erindi: Íslenskt friðarfrumkvæði: Kristín Ástgeirsdóttir.
 Erindi: Vígbúnaður á norðurlöndum: Árni Hjartarson.
 Erindi: Varnarvígubúnaður á Íslandi: Kjartan Gunnarsson.
 Erindi: Hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd: Þórður Ingvi Guðmundsson.
 Björn Bjarnason og Steingrímur Sigfússon ræða fram-

söguerindin og sitja síðan við pallborð ásamt frummælendum.
 Almennar umræður og fyrirspurnir.
 Fundarstjóri: Magnús Torfi Ólafsson.

20.30 Fjölmiðlar og skoðanamyndun.
 Erindi: Heimsmynd fréttamiðlanna: Þorbjörn Broddason.
 Fulltrúar frá fjölmiðlum segja frá og sitja fyrir svörum.
 Fundarstjóri: Árni Gunnarsson.

FIMMTUDAGUR 19. APRÍL
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.
 15.00—16.00 Barnatími
 Geymdu handa mér heiminn pabbi eftir Karl Ágúst Úlfsson, lag eftir Björk Guðmundsdóttur.
 Hljómsveitin KUKL leikur.
 Lína langsockkur syngur ásamt félagum: Sigrún Edda Björnsdóttir.
 Karius og Baktus mæta: Viðar Eggertsson og Edda H. Backmann.
 Undirleikur: Valgeir Skagfjörð.
 Umsjón og kynning: Guðrún Ásmundsdóttir.
 Hlé.
 16.15—17.15 Endurtekinn barnatími.

20.30 Tónlistarkvöld.
 Íslenska hljómsveitin undir stjórn Guðmundar Emilssonar.
 Kvintett: Laufey Sigurðardóttir, fiöla, Helga Þórarinsdóttir, víola, Richard Korn, kontrabassi, Kristján Þ. Stephensen, óbó, og Óskar Ingólfsson, klarinett.
 Sigrún Gestsdóttir syngur við undirleik Önnu Norman.

FÖSTUDAGURINN LANGI 20. APRÍL

15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.
 15.00 Ögnir og áhrif kjarnorkustyrjaldar.
 Dagskrá á vegum Samtaka lækna gegn kjarnorkuvá og Samtaka íslenskra eðlisfræðinga gegn kjarnorkuvá.
 Í dagskránni verður fjallað um uppbyggingu og eðli kjarnorkuvopna, áhrif kjarnorkusprenningar á mannvirki og mannlíkamann. Rætt verður um ákvarðanatöku við kjarnorkuárás og almanna- varnir Íslands.
 Sálræn áhrif vígbúnaðar- kapphlaupsins og langtíma- áhrif kjarnorkustyrjaldar verða kynnt svo sem kjarnorkuvetur og áhrif á lífríkið.
 Ennfremur verður fjallað um efnahagsleg áhrif þess að vígbúnaðar- kapphlaupinu yrði hætt.
 Að lokinni dagskrá gefst kostur á umræðum og fyrirspurnum svarað.
 Af hálfu lækna tala: Árni Björnsson, Guðjón Magnússon, Högni Óskarsson, Sigurður Árnason og Sigurður Björnsson.
 Af hálfu eðlisfræðinga tala: Gísli Georgsson, Hans Kr. Guðmundsson, Páll Bergþórsson, Páll Einarsson og Þorsteinn Vilhjálmsson.
 Fundarstjóri: Ásmundur Brékkar.
 18.00 Bláa stúlkan eftir Messíonu Tómasdóttur.
 Leikbrúðsýning fyrir fullorðna.
 20.30 Blönduð dagskrá.
 Þáttur úr leikriti Ninu Bjarkar Árnadóttur: Undir teppinu hennar ömmu í flutningi vorkvenna Alþýðuleikhússins.
 Leikstjóri: Inga Bjarnason.

Frásagnir af friðarmótum: María Jóhanna Lárusdóttir, Sólveig Ásgeirsdóttir og Keneva Kunz.
 Síðasta blómið: Kristín Á. Ólafsdóttir og fleiri.
 Undir krossi. Flytjendur: Dómkórinn undir stjórn Martin Hunger Friðrikssonar; Gunnar Kvaran, Hjörtur Pálsson, Kristinn Sigmundsson, Sigrún Edda Björnsdóttir og Auður Bjarnadóttir.

LAUGARDAGUR 21. APRÍL
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.
 15.00—17.00 Skálddagskrá.
 Lesið úr nýjum bókum.
 Umsjón: Pétur Gunnarsson.
 15.00—16.00 Barnatími (endurtekinn frá skírdegi).
 17.00—19.00 Fræðslu- og umræðufundur.
 Konur og friður — fjölbreytt dagskrá um framlag kvenna til friðarmála.
 Umsjón: María Jóhanna Lárusdóttir.


20.30 Ungt fólk.
 Ljóðadagskrá.
 Drengjakvartett: Menntaskólinn í Kópavogi.
 Menntaskólinn við Hamrahlíð: Hamlet.
 Magnús Þór leikur og syngur.
 Sitthvað óvænt — og fleira.
 Kynnir: Edda Björgvinsdóttir.

PÁSKADAGUR

15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 16.00—18.00 Setið fyrir svörum.
 15.00 Friður — réttlæti — von:
 Páskavaka: Fyrir börn og fullorðna.
 Flautuleikur: Guðrún Birgisdóttir.
 Ljóðalestur: fyrir börn og fullorðna, eftir Ninu Björk Árnadóttur: Sigurjóna Sverrisdóttir les.
 Erindi: Svavar Sigmundsson. Dómkórinn undir stjórn Martin Hunger Friðrikssonar.
 Erindi: Misskipting lífsgæða í heiminum. Jón Ormur Halldórssen.
 Söngvar og sögur: Halldór Vilhelmsson, Jónas Ingimundarsonar og fleiri.
 Ávarp: Siðferðileg afstaða kristinna manna til stríðs og vopna: Biskup Pétur Sigurgeirsson.
 Bel Canto-kórinn.
 Stjórnandi: Guðfinna Dóra Ólafsdóttir.
 Umsjón: Sr. Bernharður Guðmundsson.
 16.00—17.00 Páskavaka fyrir börn á vegum æskulýðsstarfs kirkjunnar.
 Umsjón: Sr. Agnes Sigurðardóttir og Oddur Albertsson.

20.30 Endurtekið efni frá 14. apríl.
 Arnþór Helgason og Guðrún Hólmgæirsdóttir leika og syngja.
 Leikrit: Ég læt sem ég sofi, eftir Raymond Briggs í þýðingu Bergþóru Gísladóttur og Keneva Kunz. Guðrún Stephensen og Róbert Arnfinnsson flytja.
 Leikstjóri: Jill Brook Árnason.

MÁNUDAGUR 23. APRÍL ANNAR Í PÁSKUM
 15.00—22.00 Myndlistarsýning.
 16.00—19.00 Myndsmiðja fyrir börn og fullorðna.
 15.00 Lokafundur.
 Hvert stefni nú?
 Ávörp: Hvað hefur lífið kennt mér: Hulda Á. Stefánsdóttir og sr. Jakob Jónsson.
 Umræður um friðarstarf:
 Hvað sameinar, hvað sundrar: Fulltrúar friðarhreyfinga gera grein fyrir stefnumiðum sínum.
 Almennar umræður og úttekt á friðarvikunni.



Málverkassýning Baltasar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er mikill hraði, kraftur og gerjun í hlutunum þar sem fer myndlistarmaðurinn **Baltasar Samper**. Á sama tíma og hann er með rosaverkefni við skreytingu Víðistadakirkju, heldur hann stóra málverkassýningu að Kjarvalsstöðum. Og ekki eru málverkin á sýningunni af notalegu stærðinni fyrir ofan þess- söfana, heldur vel yfir meðalstærð og sum mjög stór. Svo stór, að listamaðurinn hlýtur að vera að hugsa um eitthvað annað en fjárhagslegan hagnað er hann malar þær, því að sala á jafnstórum málverkum er sjaldgæf héraendis.
 Máski hefur Baltasar einhvern boðskap að flytja og máski hefur hann einnig efni á því að leika sér í stórum myndum. Eitt er víst og það er, að sá leikur skilur af sér langsamlega tilþrifamestu myndunum að mínu mati. Á ég hér við myndflokkin „Goyeskur“ en þar höfðar hann að vissu leyti til landa síns Goya og ádeilumynda þeirra er hann gerði fyrir sjálfan sig og fundust fyrir eftir dauða hans. Svið Baltasar er hins vegar íslenskur myndlistarvettvangur og þangað beinir hann skeytum sínum og opinberar háð sitt — hvergi hræddur hjörs í þrjá.
 Á síðustu árum hefur Baltasar tekið upp á því, að láta vanþóknun sína á einu og öðru í samskiptum listamanna í ljósi með hressilega máluðum myndum. Vafalaust álitur hann sig öllu frekar pensilfæran en pennafæran og notar því það vopn er hendi er næst og hjartanu tama-

ast.
 — Baltasar hefur lifað og starfað á Íslandi í 21 ár svo að hann ætti nú að vera orðinn fullveðja Íslendingur þótt hann sé borinn og barnfæddur Katalón-ubúi og beri þess mjög merki í útliti og skapandi list.
 Þegar Baltasar kom fyrst fram með ádeilumyndir, var í þeim græskulaus kinni, sprell og spé, sem ég hafði mjög gaman af. En myndflokkin „Goyeskur“ verður ekki svo létt afgreiddur með slíku mati því að háðið er öllu djúpristara og marktækara um leið og mynd-
 irnar eru stórum umbrotameiri listaverk. Ég tel, að Baltasar hafi naumast gert áhrifaríkara verk en t.d. myndina „Enginn getur slitið okkar bönd“. Sú mynd þýkir mér vera hápunktur sýningarinnar, — bæði fyrir það að vera kröftuglega og vel máluð og svo kemur fram í henni kinni, sem er mjög sjaldgæf í íslenskri myndlist ef hún er þá til.
 Baltasar hefur skipt sýningu sinni í 7 myndflokka sem nefnast: „Vinir og fjölskylda“, „Loft og láð“, „Sólarhringur á vinnustofunni“, „Félagi hestur“, „Þær“, „Sælir eru ...“ og „Goyeskur“. Af þessum flokkum finnst mér trúarlegi flokkurinn „Sælir eru ...“ komast næst Goyeskunum. Þetta eru að visu einungis frumdrög en þau eru útfærð á einfaldan og léttan hátt er hrifur ásamt því að þær hafa yfir sér sterkt trúarlegt yfirbragð.

Myndflokkin „Félagi hestur“ er og mjög samfelldur. Hann byggist á beinum og skáldlegum hughrifum í kringum hestamennsku en hestamaður er Baltasar mikill svo sem kunnugt er. Ég held að listamaðurinn hafi ekki áður gert þessi slíkar myndir. Í myndaflokknum „Þær“ tjáir Baltasar ást sína til konunnar, sem hann virðist vilja hafa fagra og eggjandi — en það er eins og að það vanti í þessar myndir blóð, tár og svita. Það má ekki vanta né svip af þeim holdlega munaði, sem myndirnar gefa til kynna að sé til staðar.

Í myndaflokknum „Vinir og fjölskylda“ voru það einkum tvær myndir er höfðuðu til mín, „Kristín Hall“ (1) og „Everyone has the right to love dogs“ (5), — í þeirri síðarnefndu er mikil stemning. Hinar tvær myndraddirnar, „Loft og láð“ og „Sólarhringur á vinnustofunni“, eru landslagsstemningar, sem gerðar eru af þeirri leikni og þrótti sem einkenna mjög vinnubrögð Baltasar.
 Lítið á heildina þá er þetta mjög fjórleg sýning, sem ris hæst svo sem áður segir í myndaflokknum „Goyeskur“.